

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 10. desember 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2005.

Gjört á Bessastöðum, 8. desember 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.“

Alþingi samþykkti hinn 10. desember 2004 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frestað hinn 10. desember 2004.

Forsætisráðuneytinu, 13. desember 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Árnason.